

Brunavarnir í frístundabyggðum



Mynd 1: Frístundabyggð

1 Inngangur

Leiðbeiningar þessar fjalla almennt um þær eldhættur sem til staðar eru og geta skapast í frístundabyggðum sem og varnir gegn henni. Með tilkomu betri byggingarefna og auknu framboði til upphitunar hefur hönnun nýbyggðra frístundahúsa miðast við að þau séu notuð á öllum árstímum. Einnig hafa mörg eldri hús verið endurbætt svo að unnt sé að dvelja í þeim allt árið um kring. Algengast er að frístundahús séu byggð úr timbri og oft umlukin timburveröndum. Áður fyrr stóðu frístundahús alla jafna á opnum svæðum með takmarkaðri hættu á gróðureldum, með betri vaxtarskilyrðum og auknum áhuga á gróðursetningu undanfarna áratugi hefur gróður vaxið hraðar, hann er orðinn þéttari og hætta á gróðureldum hefur þar með stórukist. Ógrísjaður gróður getur aukið hættuna á útbreiðslu elds. Mikilvægt er að skipuleggja gróðursvæði vel og sinna reglulegri hirðingu þeirra og grísjun. Þannig er hægt að draga úr hættunni á að eldur berist milli frístundahúsa eða yfir vegi og skurði sem ættu annars að hólfa svæðin af og hefta útbreiðslu elds.

Dvöl í frístundahúsum fylgir oft aukin notkun brennanlegra efna og vökva, t.d. eldsneytis fyrir sláttuvélar, gass o.þ.h. sem getur skapað eldhættu og þarfnast því réttrar meðhöndlunar og frágangs. Frístundabyggðir eru gjarnan í nokkurri fjarlægð frá starfsstöðvum slökkviliða, þannig að þegar eldur kviknar getur langur tími liðið þar til hjálp berst og tjón getur því orðið verulegt. Því er mikilvægt að vel sé hugað að brunavörnum í frístundabyggðum og í frístundahúsum. Mikilvægt er að varlega sé farið með eld, gróðursvæði séu skipulögð, uppsöfnun á brennanlegum efnum lágmrkuð, aðkoma slökkviliðs sé greið, vatnsöflun góð og ekki síst að flóttaleiðir séu vel skilgreindar og kynntar. Þannig er unnt að draga úr líkum á upptökum og útbreiðslu elds með tilheyrandi tjóni.

2 Skýringar

Í leiðbeiningum þessum er með orðinu frístundabyggð átt við svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur, sbr. 1.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og 9. tölul.1. mgr. 2. gr. skipulagslaga nr. 23/2010. Þá er með frístundahúsi átt við hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar og er því ekki ætlað til fastrar búsetu, sbr. 35.tölul. 1.1.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Í leiðbeiningunum kann jafnframt að vera fjallað um hús í frístundabyggð sem sumarhús sem er samheiti yfir orðið frístundahús.

3 Áætlun um viðbrögð við eldsvoða í frístundabyggð

Slökkvilið þess sveitarfélags, sem frístundabyggð tilheyrir, fer með slökkvistarf á svæðinu. Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun, sem unnin er af slökkviliðsstjóra og fengið hefur samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Í brunavarnaáætlun skal gerð grein fyrir því hvernig sveitarfélag uppfyllir skyldur sínar skv. reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 og skal m.a. gerð grein fyrir eftirfarandi atriðum í áætluninni:

1. Hvernig tryggt er að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum um brunavarnir.
2. Eldvarnaeftirliti slökkviliðsins, þ.m.t. forvörnum, og þeirri áhættu eða þeim mannvirkjum í sveitarfélaginu sem krefjast reglubundins eftirlits.
3. Fyrirkomulagi byggðar með tilliti til eldhættu, s.s. atvinnustarfsemi, íbúðabyggð, frístundabyggð o.s.frv. Þar skal vera skrá yfir öll mannvirki og aðra staði í sveitarfélaginu þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum.
4. Viðbragðseiningum sem starfræktar eru í sveitarfélaginu á vegum annarra aðila en slökkviliðs.
5. Umfangi þjónustu slökkviliðs, skiptingu sveitarfélagsins í útkallssvæði, viðbragðstíma og mönnun útkallseininga, sbr. nánari ákvæði VI. kafla reglugerðar þessarar. Jafnframt skal koma skýrt fram hvaða verkefnum slökkviliðið sjálft sinnir og hvaða verkefnum er sinnt af öðru slökkviliði.
6. Samstarfssamningum við önnur sveitarfélög, sbr. 6. gr. Gæta skal þess að samræmi sé í brunavarnaáætlunum sveitarfélaga sem hafa með sér samstarf um rekstur slökkviliðs. Heimilt er að gera eina brunavarnaáætlun fyrir slíkt slökkvilið enda sé hún þá samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.

Í reglugerð um starfsemi slökkviliða kemur m.a. fram að slökkvilið skal hafa til umráða fullnægjandi búnað til að geta sinnt verkefnum sínum og skal gerð grein fyrir öflun slökkvivatns á starfssvæði slökkviliðsins í brunavarnaáætlun. Vettvangsferðir slökkviliða um frístundabyggðir eru því afar mikilvægur þáttur í áætlunargerð og skipulagningu viðbragða, en þannig geta slökkvilið m.a. aflað sér upplýsinga um ástand vega og aðkomu, vatnsöflun og lagt til úrbætur ef svo ber undir.

Sveitarfélögum ber skv. 11. gr. laga um brunavarnir að sjá til þess að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs. Vatnsveitur sveitarfélaga sjá um uppsetningu á brunahönum og annast viðhald

þeirra og eftirlit í samráði við slökkviliðsstjóra þar sem slík vatnsveita er til staðar. Óheimilt er öðrum en slökkviliði og starfsmönnum vatnsveitunnar að opna brunahana nema með sérstöku leyfi frá vatnsveitu. Á þeim stöðum þar sem ekki er nægjanlegt vatn skal sveitarfélag og slökkvilið tryggja vatnsöflun, en það getur ýmist verið í formi uppdælingu vatns frá nærliggjandi manngerðum og/eða náttúrulegum vatnsbólum eða aðflutts vatns og safnlaugum.

4 Ábyrgð eigenda frístundahúsa



Mynd 2 Ábyrgð eigenda er mikil þegar kemur að brunavörnum. Mynd tekin af oger.is

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem settar eru fram í lögum um brunavarnir og reglugerðum, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um brunavarnir og 3. gr. reglugerðar um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017. Eigandi og eftir atvikum forráðamaður mannvirkis ber ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Séu breytingar gerðar á mannvirki þannig að gerðar eru nýjar eða auknar kröfur um brunavarnir í því, er skylt að fá til þess samþykki byggingarfulltrúa og jafnframt að gera viðeigandi ráðstafanir til að kröfum um brunavarnir sé fullnægt eftir breytingarnar. Áréttað er mikilvægi þess að eigendur frístundahúsa kynni sér þær kröfur um brunavarnir sem gilda um mannvirkið og lóð þess í samræmi við forsendur útgefins byggingarleyfis, enda er það á ábyrgð

eigenda frístundahúsa að tryggja eldvarnir jafnt innandyra og á lóðfrístundahússins. Hafi aðrir afnotarétt af eigninni er eiganda skylt að koma á nauðsynlegu samstarfi við forráðamann til að tryggja viðunandi brunavarnir.

Samkvæmt 9.1.3. gr. byggingareglugerðar falla frístundahús allajafna undir notkunarflokk 3 sem er sami notkunarflokkur og almennt gildir um íbúðarhús þar sem fólk þekkir til flóttaleiða og er almennt fært um að bjarga sér sjálft út úr húsnæðinu. Brunavarnir í frístundahúsa falla því undir sömu ákvæði og almenn íbúðarhúsnæði og skal því að lágmarki vera reykskynjari og slökkvitæki í hverju húsnæði sbr. 9.7.1. gr. byggingarreglugerðar.

Þau frístundahús sem ætluð eru til útleigu fyrir tíu manns eða fleiri falla undir notkunarflokk 4 samkvæmt fyrrnefndu ákvæði, sem tekur mið af því að fólk sé ekki nægjanlega kunnugt umhverfinu og flóttaleiðum, en sé almennt fært um að bjarga sér sjálft út.

Eldhætta í frístundahúsi og í frístundabyggðum getur verið af öðrum toga en almennt er heima fyrir vegna þess að yfirleitt eru daglegar athafnir fólks með ólíku móti í slíkum húsum en heima fyrir. Einnig er umhverfið frábrugðið og þar geta hættur leynst víða. Notkun grilla, eldamennska með gasi og notkun eldfimra vökva eru meðal þeirra þátta sem gjarnan er meira um þegar dvalið er í frístundahúsi. Því er mjög mikilvægt að hafa öryggið í fyrirrúmi og skipuleggja brunavarnir þegar kemur að notkun og geymslu á slíkum búnaði. Eftirfarandi viðbragðsbúnað er mikilvægt að hafa í frístundahúsi og á öðrum stöðum við frístundahúsið eins og í geymslum, skúrum og bátaskýlum, til eldvarna og viðbragða við eldsvoða. Gott er að ráðfæra sig við þjónustuaðila brunavarna þegar kemur að vali á búnaði og einnig er mikilvægt að leiðbeiningum frá framleiðanda sé fylgt eftir við notkun og uppsetningu slíks búnaðar.

**Reykskynjarar:**

- Mikilvægt er að hafa reykskynjara í öllum rýmum híbýla og sérstaklega í þeim rýmum sem eru rafmagnstæki.
- Hægt er að fá sambyggðareykskynjara sem nema hita og kolmónoxíð og þannig getur skynjarinn numið hættur elds á mismunandi stigum.
- Við uppsetningu er mikilvægt að fylgja leiðbeiningum framleiðenda.

Gasskynjarar:

- Þar sem gas er notað innanhús eða þar sem hætta er á gasleka er mikilvægt að settur sé upp gasskynjari
- Við uppsetningu er mikilvægt að fylgja leiðbeiningum framleiðenda.

Slökkvitæki:

- **Léttvatn:** Hentar vel á elda í föstum efnum (A), tækin henta fyrir eld í eldfimuvökvum (B) og eld í matarolíu og fitu (F). Sum þessara tækja eru einnig hentug fyrir eld í rafmagni upp í allt að 1000 V, en sérstök að gæsla skal höfð þegar svo ber undir.
- **Duft:** Hentar á flesta elda (A, B, C). Hentar sérstaklega vel á gaselda (C) og einnig á rafmagnselda. Ýmsar útfærslur af tækjunum eru fánlegar, því er æskilegt að ráðfæra sig við þjónustuaðila þegar tæki er valið.



Björgunartigi: Þar sem svefnloft eru í sumarhúsum skal vera með björgunartiga við björgunarop.



Eldvarnarteppi: Æskilegt er að staðsetja nærri eldavel og upp skrúfað. Algeng stærð eldvarnar teppa er 90 x 90 cm.



Flóttaleið: Flóttaleiðir út úr húsi ættu að vera tryggar, merktar og þekktar öllum sem dvelja í húsinu. Merki má nálgast hjá slökkviliðum svæða eða hjá söluaðilum brunavarnabúnaðar.



Fastanúmer: Fastanúmerið er fasteignanúmer mannvirkisins sem skráð er í fasteignaskrá. Merkingarnar má nálgast á www.sumarhus.is.

Fastanúmer gefur til kynna staðsetningu á mannvirki og er mikilvægur þáttur fyrir viðbragðsaðila, því er mjög mikilvægt að sklitin sé sett upp á sýnilegum stað utandyra sem og innandyra.



Merkingar: Setja ætti upp merkingar fyrir geymslustaði gaskúta og annara eldfimra efna. Merkin má nálgast hjá slökkviliðum.

Mynd 3 Yfirlit yfir brunavarnir í frístundahúsi

Í frístundabyggðum og í kringum frístundahús þar sem gróður er mikill er mikilvægt að hafa ákveðin verkfæri og búnað til taks sem henta til að fást við gróðurelda, sér í lagi vegna þess að skjót viðbrögð á frumstigum bruna af slíku tagi geta skipt sköpum og komið í veg fyrir mikla hættu. Hér að neðan eru tekin fram nokkur dæmi af slíkum búnaði. Fyrst og fremst skal þó ávallt að gæta að eigin öryggi áður en slökkvistarf er hafið og kalla strax út viðbragðsaðila með því að hringja í 112. Einnig er nauðsynlegt að vera í heppilegum klæðnaði og notast við þar til gerðan öryggisbúnað.



Brunaslanga: Garðslanga sem nær um það bil tvo hringi í kringum húsið með hraðtengi við krana. Slangan sé á vísun stað, fötur og önnur ílát sem nota má við slökkvistarfs. Æskilegt er að koma sér upp vatnstanki eða vatnsbóli á þeim stöðum þar sem aðgangur að vatni er ekki tryggur.



Eldklöppur: Klöppur til að slökkva eld í gróðri, uppstilltar á aðgengilegum stað við sumarhús eða festar á vegg sumarhúss.



Handverkfæri: Ýmiss handverkfæri á borð við skóflur, strákústa, hrifur og sagir er gott að hafa aðgengileg.



Fatnaður: Skynsamlegt er að hafa til taks t.d. hlífðargleraugu, hanska, rykgrímu og vinnugalla, ekki fót úr gerviefnum sem eru eldfim. Öryggi viðstaddra er ávallt mikilvægast við slökkvistörf og kalla skal strax út viðbragðsaðila með því að hringja í 112.

Mynd 4 Yfirlit yfir brunavarnir utandyra

Ítarlegri upplýsingar um brunavarnir fyrir sumarbústaðinn má finna á vef Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar www.hms.is og á www.grodeuldar.is

5 Fræðsla og neyðaráætlun frístundabyggða

Til að skapa yfirsýn yfir frístundabyggð er æskilegt að við aðkeyrslu að svæðinu sé yfirlitskort sem sýni skipulag svæðisins, svonefnd neyðaráætlun. Æskilegt er að í frístundahúsum séu kort með sömu neyðaráætlun sem sýni flóttaleiðir út af svæðinu og mikilvægt að fram komi í áætlunin hvers konar flóttaleið um ræðir. Þannig getur fólk kynnt sér nauðsynlegar viðbragðsupplýsingar við komuna inn á svæðið. Þá er mælt til þess að slík kort séu einnig staðsett á skilgreindum söfnunarsvæðum og við þjónustumiðstöðvar, þar sem við á. Auk þess að áætlanirnar séu kynntar og þeim dreift til allra hagaðila svæðisins.

Rétt er að nefna að gerð neyðaráætlana er ekki skylda en hins vegar mikilvægur þáttur í að tryggja öryggi fólks og að viðeigandi fræðslu sé komið á framfæri um mögulegar flóttaleiðir af svæðinu og önnur neyðarviðbrögð ef að vá ber að höndum. Af þeim sökum er talið æskilegt að forsvarsmenn félaga í frístundabyggð taki sig saman um gerð neyðaráætlana á sínum svæðum. Á myndinni hér að neðan má sjá dæmi um kort með neyðaráætlun frístundabyggðar sem dreift er í öll frístundahús á svæðinu.

FLÓTTALEIÐIR

Sumarhúsasvæðið Reykjaskógi

Flóttaleiðir og leiðbeiningar vegna gróðurelda

Vatnsöflun úr Vallá
140m, lélegur slóði

Skýringar

- Aðalvegur
- Heimleið
- Göngustíði
- Skurður
- X Þryllendingarstaður
- Vatnsotaka möguleg aðgengi erftit
- Brunahafi
- ➔ Flóttaleið, akstur eða gönguleið
- + Söfnunarstaður
- Íd erft hér

Neyðarviðbrögð

RYMING:

- Rýmið svaðil eftir farum flóttaleiðum og áætlan
- Komlið á söfnunarstað ef ástæða er til
- Salhasti má samna á bílastaðinu við Brúará
- Ef þú þarft aðstoð gerðu Neyðarlinnu 112 viðvart

VIÐBRÖGÐ VIÐ GRÓÐURELDI:

- Tilkynnið eiddin til 112
- Gefðu upp staðsetningu og umfang, munnið fastanúmer hússins
- Vandið fólk á svæðinu við
- Leggðu mat á aðstæður og reyndu að slökva litin eiti með tiltaekum ráðum (vatn, klóppur, nomakústar, sandur, skófur)
- Sleigðu í gróðri og myndið eivamarkinu sé tekið tillit til
- Yfirgeftu heituvæðið í samræmi við rýmingaráætlun

Forvarnir

Almennar forvarnir vegna gróðurelda
Kynnið ykkur leiðbeiningar á www.grodureldir.is

- Gríðlið nærsvæðið sumarhúss og farlægðir runna og eilíffram gróður í allt að 1,5 m farlægð frá húsinu
- Fjarlægðu rusl og eilíffm eiti af svæðinu
- Hafðu garðslöngu með hraðhengi á krana til taks, slangan ætti að ná 2x slinnum í kringum húsið
- Hafðu nomakúst, klóppur, skófur, fótur og önnur atriði til taks til að slökva litta eiti í gróðri
- Hafðu einnig hitfönglarsaugu, hanská, grimu og vinnugala til taks, forðist gervieði
- Farðu varlega með eiti og hafðu vatn, skófur og fótur tiltaekir ef lveikt er í eidi
- Geymið gaskúta og eidsneyfispemja á öruggum stað
- Gerðu flóttaleiðir, kynnið ykkur flóttaleiðir út af svæðinu og örugg svæði (gróðursvæði, vatn, laur, á)
- Tryggðu eivamir innandyra

Viðbrögð sé hafða á gróðureldum

- Sleigðu í gróðri á nærsvæðið sumarhússins
- Hafðu garðslöngu og önnur hljálpartaki til taks
- Kveiklið ekki eiti eða gríðlið á heituvæði
- Athugið að heisti úr útblástur bitteilar, heitar veltar, einnig gríð, gríð frá vindstigi eða flugvegi getur kveiklið í gróðri

Rýmingaráætlun

Vertið vart við gróðureid á svæðinu er mikilvægt að koma sér strax á öruggt svæði


Frá sumarhúsum eru hvar flóttaleiðir, annað hvort eftir göngustigi eða vegi.

Athugið áður en lagt er af stað:

- vindstítt
- staðsetningu og útbreiðslu eidsins
- er ökualeið fjar
- er gönguleið fjar

Farðu stýsliu leið út af heituvæðinu og á öruggt svæði.

Öruggt svæði eru utan gróðursvæðis, vindmegin við eiddin eða í námunda við vatn.



ELDVARNIR Í HÚSI

Hafðu björgunarbúnað vel sjnilegan, tiltaekan og í notkunarfærri ástandi.

- Slökkiðvatn
- Reykskjarnar í öðrum rýmum með raftækjum
- Eivamirleppi í eidi
- Gasstjálari sé gas notað innandyra
- Björgunarsigill af svefnoti
- Fastanúmer hússins
- Merkingar á flóttaleiðir eftir þörfum
- Sjúkmalasá

Yfirbróð slökkiðvatni reglulega í samræmi við ábendingar framleiðanda.

Profið reykakynjara við komu í húsið.

Yfirbróð slökkiðvatni reglulega.

Kynnið þeim sem öreija í húsinu viðbrögð við eidsvoða, rýmingu og gróðureid.



Mynd 5 Viðbragðs- og rýmingaráætlun fyrir frístundarsvæði í Reykjaskógi

6 Skipulag frístundabyggða

Mikilvægt er að skipulagsyfirvöld sveitarfélaga, skipulagsráðgjafar, byggingarfulltrúar, landeigendur og eigendur frístundahúsa hvort sem er einstaklingar eða félagasamtök, taki tillit til aukinnar hættu af gróðureldum við gerð og framfylgd skipulags. Í 5.3.2.5. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, kemur fram að þar sem gera má ráð fyrir mannfjölda og hætta geti verið á gróðureldum skuli gæta þess að fleiri en ein greið flóttaleið sé um og frá svæðinu. Flóttaleið getur verið akstursleið, gönguleið eða önnur leið að öruggu svæði. Við gerð deiliskipulags fyrir frístundabyggð þarf m.a. að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Hvernig svæðið hentar fyrir frístundabyggð m.t.t. eldhættu, möguleika á flóttaleiðum, aðgang að slökkvivatni, viðbragðstíma og viðbragðsgetu slökkviliðs.
- Að flóttaleiðir séu skipulagðar í upphafi og eftir atvikum í samráði við aðila sem ráða yfir aðliggjandi landi til að tryggja aðkomu og aðgang að öruggum svæðum.
- Hvort setja þurfi ákvæði um byggingarefni, lýsingu flóttaleiða, nýjan gróður og varnarlínur á þéttum gróðursvæðum (stígar, vegir, skurðir, annað).
- Að útbúin séu eldvarna- og rýmingarkort /-áætlanir fyrir svæðið
- Að slökkvilið komist um svæðið með búnað og tæki og hafi aðgang að vatnsbólum eða vatnstökustöðum

Við gerð deiliskipulags og breytinga á því þarf að hafa samráð um ofangreind atriði við slökkvilið viðkomandi svæðis.

Æskilegt er að skipulagsyfirvöld, landeigendur eða félög frístundahúsa eigenda hafi frumkvæði að því að yfirfara og endurskoða skipulag eldri frístundabyggða með áherslu á að bæta eldvarnir og skilgreina flóttaleiðir.

7 Öryggissvæði við hús á gróðursvæði

Mikilvægt er að eigendur frístundahúsa hugi að eftirfarandi atriðum er varða öryggi híbýla á þéttgrónu landi. Þetta eru: Öryggissvæði, aðstæður við hús, byggingarefni og gerð húss. Við ákvörðun öryggissvæðis er ráðlegt að hafa eftirfarandi í huga við mat á brunaáhættunni:

- Stendur húsið í halla?
- Slúta greinar nær húsinu en 3 m?
- Vex gróður alveg upp að húsinu eða jafnvel undir það (gras, runnar)?
- Er þakið hallandi eða slétt (getur þurrt lauf eða brennandi efni safnast saman á þakinu)?


- Er eldsneyti (bensín/olía) geymt í tönkum eða gas í kútum við húsið (merki má nálgast hjá slökkviliðum)?
- Er hætta á að niðurföll stíflist?
- Hvert er byggingarefni hússins ?
- Er bílskúr eða skúr við húsið með eldfimum efnum?
- Eru girðingar, pallar eða annað tréverk áfast húsinu (sem geta borið gróðureld að húsi)?
- Hvernig er landið undir pallinum (gróður, rusl, slútir pallurinn yfir brekku)?

Þar sem sína, visnandi gras og annar lággróður, mosi, kjarr og tré eru stærstu flokkar brennanlegs gróðurs er mikilvægt að huga að því að lágmarka hann næst húsinu og mynda öryggissvæði í kringum það. Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að aðstæður eru mismunandi eftir því hvort húsið stendur á sléttlendi eða í brekku. Hér að neðan er tafla og mynd sem lýsir öryggissvæðum við hús í gróðurlendi.

Mjög misjafnt er hversu eldfimur gróður er og ber að hafa þetta í huga við skipulag gróðurs á frístundasvæðum, sérstaklega nálægt sjálfum húsunum. Eldfimast er dautt efni svo sem sína, dauðar greinar og aðrar gróðurleifar. Því næst má nefna mosa sem brennur auðveldlega í þurrkatíð. Lifandi tré eru ekki sérstaklega eldfim en þegar eldur nær á annað borð að læsast í þau getur myndast mikill eldur og hiti. Barrtré svo sem fura og greni eru eldfimari en laufté eins og birki eða ösp. Birkikjarr er einkennandi fyrir margar frístundabyggðir á landinu. Á slíkum svæðum getur verið ríkulegur botngróður í kjarrinu sem myndar mikla sínu. Þar getur því verið veruleg eldhætta utan vaxtartímans, einkum í þurrkatíð snemma vors og fram í byrjun sumars.

Brunaáhætta við mismunandi aðstæður í skógi (brunamálaskólinn 2009)

Aðstæður	Brunaáhætta	Skýringar
Trjátegundir		
Laufskógur	Lítill	Vega mikils rakainnihalds trjáa og landsvæðis.
Greniskógur	Meðal	Trjávöðan eldfim, en greniskógar oftast á rakara landsvæði en furuskógar.
Furuskógur	Mikil	Trjávöðan eldfim og furuskógar oft á þurrara landssvæði, en greni og laufskógar.
Aldur		
Gamall skógur	Lítill	Meiri raki í gömlum skögum og lítil vöxtur í lággróðri þar sem sólarljós nær ekki vel til skógarbotnsins. Lítil áhrif vinda á skógarbotni.
Miðaldra skógur	Meðal	Þurrari en gamlir skógar, áhrif sólarljóss meiri, en þó minni en í ungum skögum og nýrækt.
Ungur skógur og nýrækt	Mikil	Minni raki og meiri lággróður þar sem sólarljós nær vel til skógarbotnsins. Meiri hætta á þurrki í lággróðri og jarðvegi.
Jarðvegur		
Djúpur	Lítill	Djúpur jarðvegur hefur meira rakainnihald en grunnur jarðvegur.
Miðlungs	Meðal	Minna rakainnihald en djúpur jarðvegur.
Grunnur	Mikil	Rakainnihald oft lítið, m.a. fyrir áhrif sólarljóss og vinda.



Mynd 6 Dæmi um öryggissvæði við hús á gróðursvæði

Tafla 1: Öryggissvæði við hús á gróðursvæði

Svæði	Fjarlægð frá húsi	Skýring	Aðgerðir
Halli í landi	4 -6 m	Þar sem Hús stendur í miðri brattri brekku eða uppi á hæðarbrún. Því að eldur berst mun hraðar upp halla í landi en á jafnsléttu	Huga að eldvörnum neðan húss, t.d. hafa gróðurlítið svæði í 4-6 m fjarlægð. Sérstaklega þarf að huga að þessu ef þakskegg slútir yfir brekkuna.
Öryggissvæði 1	0-1,5 m	Skapa eldvarnarsvæði næst húsi til að minnka líkur á því að eldur berist í hús	Fjarlægja allt brennanlegt efni af svæðinu, helluleggja, leggja mól. Fjarlægja allan visinn gróður, forðast runnagróður.
Öryggissvæði 2	1,5 – 9 m	Skapa eldvarnarsvæði í nágrenni húss til að minnka líkur á því að eldur á lóðinni berist í hús	Ekki hafa samfelldan gróður, heldur skapa gróðureyjar. Slá grasið. Fjarlægja visinn gróður og greinar. Fjarlægja neðri greinar, rótarskot og runna við tré til að koma í veg fyrir að eldur berist í trjákrónur. Hafa um 3 m á milli trjáa. Klippa greinar upp í 1/3 af hæð trjáa (4,5 m ef stór tré).
Öryggissvæði 3	9 m og að lóðarmörkum	Skapa eldvarnarsvæði við lóðarmörk til að minnka líkur á því að eldur á svæðinu berist að húsi	Halda 3 m fjarlægð milli trjákróna stórra trjáa. Sjá til þess að eldsneytistankar séu að lágmarki 9 m frá húsi, hafa 3 m öryggissvæði við eldsneytistanka eða verja tank með eldvegg.

8 Umgengni og meðferð elds í frístundabyggðum

Samkvæmt lögum nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum er óheimilt að kveikja eld á víðavangi, á lóðum eða annars staðar utan dyra þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er umhverfi, gróðri, dýralífi eða mannvirkjum. Þá skal gæta ýtrustu varkárni við notkun búnaðar sem valdið getur íkveikju utan dyra en með búnaði er meðal annars átt við grill, ljós, útiarna, kerti, hitagjafa, sem og ýmis rafmagnsverkfæri sem hitna eða gefa frá sér neista við notkun. Takmarka ber notkun slíks búnaðar þegar hætta á gróðureldum er fyrir hendi og hafa slökkvibúnað við höndina sé notkun óhjákvæmileg.

Óheimilt er að brenna bálköst (varðeldur, brenna) nema samkvæmt skriflegu leyfi sýslumanns að fengnu samþykki slökkviliðsstjóra og starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Ekki þarf þó leyfi til að brenna bálköst þar sem brennt er minna en 1 m³ af efni, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 40/2015. Allajafna ætti að miða við að brenna ekki bálkesti ef gróður er þurr.

Eins og fram hefur komið er notkun á gasi í frístundahúsum algeng til ýmissa nota, mjög mikilvægt er því að frágangur þessara tækja sé réttur og þessum tækjum og búnaði sé viðhaldið. Þar sem gas er geymt eða þar sem notkun gass fer fram innandyra er mikilvægt að setja upp gasskynjara og huga vel að út loftun í þeim rýmum þar sem kútar eru geymdir. Slíka útloftun er heppilegast að útfæra með þar til gerðum lofttúðum sem settar eru neðan til í slíkum rýmum. Öll gastæki s.s. eldavélar, ísskápar, hitarar og þess háttar skulu búin logavara sem lokar fyrir aðstreymi á gasi ef gasloginn slokknar. Sjá í þessu sambandi reglugerð um tæki sem brenna gasi nr. 727/2018. Slöngur milli tækis og gaskúta skulu vera sérstaklega gerðar fyrir gas (yfirleitt appelsínugular að utan en svartar að innan). Á þeim er framleiðsludagsetning tilgreind og framleiðendur gefa upp endingu á slöngunum sem yfirleitt er 3 – 5 ár við góðar aðstæður. Sé gúmmið í slöngunni farið að harðna eða springa skal slöngunni skipt út. Prófa má leka á lögnum með því að bera sápuvatn á slönguna. Ef loftbólur myndast eru lagnirnar óþéttar og skulu þær lagfærðar eða skipt um þær. Lekar gaslagnir geta skapað mikla eld- og sprengihættu. Allar gaslagnir sem eru lengri en 1,5 m ættu að vera fastar málmlagnir settar upp af fagfólki.



Mynd 7 Morkin gasslanga sem er orðin hættuleg. Mynd tekin af vg.no

Heimildir

- Lög um brunavarnir nr. 75/2000
- Reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018
- Reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012
- Skipulagslög nr. 23/2010
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- Lög um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum nr. 40/2015
- Lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús
- www.hms.is
- www.grodueldar.is